

Vinnuskóli 2026

Vinnuskóli Bláskógabyggðar verður starfræktur sumarið 2026. Vinnuskólinn er fyrir unglunga með lögheimili í Bláskógabyggð, eða sem stunda nám í grunnskólum Bláskógabyggðar, og eru fæddir á árunum 2010, 2011 og 2012. Nemendur geta sótt um að vinna við aðrar deildir sveitarfélagsins, svo sem leikskóla. Gildir þá 5. og 6. kafla reglugerðar um vinnu barna og unglunga nr. 462/1999 varðandi vinnutíma. Umsókn um starf í vinnuskóla skal skila eigi síðar en 20. maí.

Laun í vinnuskólanum eru eftirfarandi:

Börn fædd 2010	Börn fædd 2011	Börn fædd 2012
10. bekkur	9. bekkur	8. bekkur
1.578 kr/klst	1.262 kr/klst	946 kr/klst

Um er að ræða laun með orlofi. Laun eru greidd 1. hvers mánaðar fyrir liðið launatímabil. Unglingar vinna sér ekki inn veikindarétt og eru veikindadagar því ekki greiddir. Hægt er að fá leyfi á starfstímabilinu og þarf að láta flokkstjóra vita. Vinnuskóli starfar frá 8. júní til 30. júlí. Ekki er unnið 17. júní.

Daglegur vinnutími er frá kl. 08-14 fjóra daga vikunnar, þ.e. mánudaga til fimmtudaga, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk, en frá kl. 08-14 þrjú daga vikunnar, þ.e. mánudaga til miðvikudaga, fyrir nemendur í 8. bekk. Ef nemandi í 8. bekk hentar betur að vinna á fimmtudegi þá er það heimilt og fellur þá niður annar vikudagur á móti.

Nánari upplýsingar um vinnuskólann veitir Kristófer Tómasson sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs. Netfang: kristofer@blaskogabyggd.is Sími 860-4440

Nemendur mæta í eigin fötum og er mælt með að nota föt sem mega verða óhrein og slitna. Mikilvægt er að klæða sig eftir veðri. Nemendur fá öryggisvesti sem skylt er að nota við vinnu. Gott er að taka nesti fyrir daginn.

Nafn nemanda	Kennitala og bankareikningur
	Banki: ___ Hb ___ reikn.nr _____
Nafn forráðamanns	Sími
Heimilsfang	Póstnr

Forráðamenn þurfa að skrá unglinginn sinn í Vinnuskólann. Skrá þarf símanúmer forráðamanns.

Við skráningu þarf nemandi að eiga bankareikning sem stofnaður er á kennitölu hans. Árið sem 16 ára aldri er náð verður skattskylda eins og hjá fullorðnum og þarf launþegi að ráðstafa persónuafslætti til vinnuveitanda. Ekki er hægt að leiðrétta eftir á og þarf því að skila persónuafslætti í upphafi vinnutímabils.